

Bæjarráð Árborgar

7. júní 2021

Efni: Umsögn yfirkjörstjórnar til bæjarráðs Árborgar um tillögu að breytingu á kjördeildum í Sveitarfélaginu Árborg

Tillaga um breytingu á kjördeildum í Sveitarfélaginu Árborg, dags. 25. maí 2021, var tekin fyrir á fundi bæjarráðs Árborgar þann 27. maí sl. Á fundinum var tillögunni vísað til umfjöllunar í yfirkjörstjórn sveitarfélagsins.

Í tillögunni kemur fram að tilefni hennar sé mikil fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Segir að til greina geti komi að færa bæi innan Sandvíkurhrepps og Tjarnarbyggðina í kjördeildir á Eyrarbakka og/eða Stokkseyri, sem gæti verið einfalda og hagkvæmara en að bætt verði við kjördeild á Selfossi. Kjördeildir á Stokkseyri og Eyrarbakka geti með góðu móti tekið við fleiri kjósendum en verið hafi, á Selfossi þyrfti hinsvegar að auka mönnun.

Yfirkjörstjórn bendir á að það fyrirkomulag hefur verið við lýði í Sveitarfélaginu Árborg að hafa kjördeildir á Selfossi og störfuðu fjórar kjördeildir þar í Sólvallaskóla í síðustu kosningum. Einnig hafa verið tvær kjördeildir á ströndinni, þ.e. ein á Stokkseyri og ein á Eyrarbakka. Álag í kjördeildum niðri á strönd hefur verið sýnu minna heldur en á Selfossi þar sem allur fjöldinn er. Viðmiðið hefur verið að kjördeild geti með góðum móti sinnt um 1.500 – 1.800 kjósendum og þannig er það á Selfossi. Ströndin hefur hinsvegar aðeins verið með um 500 kjósendur hvor.

Í þeirri viðleitni að nýta betur þann mannafla sem er að störfum á kjördag tekur yfirkjörstjórn undir það sem fram kemur í fyrirbyggjandi tillögu og leggur það til að fyrir komandi Alþingiskosningar verði kjósendur í Sandvíkurhreppi hinum forna skráðir í kjördeild á Stokkseyri, ca 137 kjósendur í dag, og að kjósendur í Tjarnarbyggð sæki kjörstað á Eyrarbakka, tæplega 100 kjósendur. Með þessu næðist betri nýting á starfsmönnum í kjördeildum á ströndinni. Að öðrum kosti þyrfti að taka til skoðunar að stofna fimmtu kjördeildina á Selfossi sem hefði í för með sér þörf á frekari mönnun með tilheyrandi kostnaði.

Yfirkjörstjórn telur að þessi leið feli í sér viðaminni breytingu en að loka kjördeildunum tveimur á ströndinni og hafa kjörstað eingöngu í Sólvallaskóla á Selfossi. Slíkt hefði í för með sér nokkuð mikla breytingu sem mundi að öllum líkindum samræmast illa hefðinni þó að með henni mætti ná fram mestum sparnaði við framkvæmd kosninga.

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborgar

Ingimundur Sigurmundsson

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir

Bogi Karlsson